

Samþykki vegna vinnslu myndefnis í Grunnskóla Hornafjarðar

Nemandi: _____ kt. _____

Til að uppfylla skyldur laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þarf grunnskólinn að afla samþykkis forsjáraðila (foreldra/forráðamanna) áður en teknar eru og birtar myndir og myndbandsupptökur af nemendum á vegum skólans í skólanum, þ.m.t. í félagsmiðstöðinni og frístundaheimilinu. Jafnframt þarf að afla samþykkis forsjáraðila fyrir einstaklings- og bekkjarmyndatöku sem sjálfstætt starfandi ljósmyndari tekur á grundvelli vinnlusamnings við grunnskólann.

Grunnskólinn hefur sett sér reglur við myndatöku, myndbandsupptökum og birtingu myndefnis sem hann starfar eftir og eru reglurnar grundvöllur að samþykki þessu. Reglurnar má finna á bakhlið þessa samþykkis.

Forsjáraðili lýsir því yfir með undirritun sinni að hann samþykkir aðgreindar vinnsluaðgerðir grunnskólans á persónuupplýsingum um barn hans, hvað varðar myndatökur, myndbandsupptökur og birtingar myndefnis. Jafnframt tekur forsjáraðili afstöðu til þess með undirritun sinni hvort sjálfstætt starfandi ljósmyndara sé heimilt að taka einstaklings- og bekkjarmyndir af barni hans og vinna með þeim hætti sem að neðan greinir.

- | | |
|--|--|
| 1. Heimilt er að taka myndir og myndskieð af barninu í daglegu starfi skólans | <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei |
| 2. Heimilt er að birta myndefni af barninu á opinni vefsíðu skólans | <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei |
| 3. Heimilt er að birta myndefni af barninu á opinni vefsíðu sveitarfélagsins | <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei |
| 4. Heimilt er að birta myndefnið í útgefnu efni á vegum skólans og/eða sveitarfélagsins, t.d. fréttabréfum, kynningarrefni og skólanámskrá | <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei |
| 5. Heimilt er að leyfa fjölmíðum að mynda barnið í skólanum í þágu fjölmíðunar eða fréttamennsku | <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei |
| 6. Heimilt er að leyfa sjálfstætt starfandi ljósmyndara að taka einstaklings- og bekkjarmyndir af barni mínu og birta myndirnar á lokuðu vefsvæði skólans. | <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei |
- Tilgangurinn er að varðveita sögu skólans og bjóða forsjáraðilum myndir til kaups.

Upplýsingar sem veittar eru með samþykki þessu verða varðveittar með öruggum hætti og ekki notaðar í neinum öðrum tilgangi en til að staðfesta að þú hafir veitt samþykki þetta. Afturköllun samþykkis þessá hefur ekki áhrif á lögmaeti þeirrar myndatöku og myndbirtingar sem átt hefur sér stað fram að þeim tíma. Ef samþykki hefur ekki verið afturkallað gildir það á meðan viðkomandi barn er skráð í skólann. Hægt er að afturkalla eða breyta samþykki þessu með því að fylla út nýtt eyðublað og skila inn til skólans.

Ég staðfesti að ég hef kynnt mér efni þessa samþykkis og veiti með undirritun minni samþykki fyrir vinnslu myndefnis af barni mínu í samræmi við það sem fram kemur hér að framan.

Höfn í Hornafirði, ____ / ____ 20 ____

Undirskrift forsjáraðila 1

Undirskrift forsjáraðila 2 (ef við á)

Undirskrift barns (þar sem við á)

Reglur um myndatöku, myndbandsupptöku og birtingu myndefnis

Sem liður í uppeldis- og menntastarfí grunnskólans eru teknar ljósmyndir og myndbönd af nemendum í leik og starfi. Þetta er einnig gert til að veita forsjáraðilum og nemendum sjálfum innsýn í starfsemi grunnskólans. Tilgangur með myndatöku í skólastarfinu og birtingu myndefnis er m.a. að upplýsa forsjáraðila um skólastarfið og miðla upplýsingum úr daglegu starfi skólans til almennings. Jafnframt er tilgangurinn að varðveita sögu grunnskólans og samfélagsins á hverjum tíma. Birting myndefnis getur átt sér stað innan grunnskólans, á heimasíðu hans eða sveitarfélagsins. Ljósmyndir eru oft á tíðum notaðar í fréttabréfum, kynningarrefni og skólanámskrá til að upplýsa forsjáraðila um skólastarfið.

Grunnskóli Hornafjarðar hefur sett sér eftirfarandi vinnureglur um meðferð á myndefni úr skólastarfinu:

1. Grunnskólinn er ábyrgðaraðili vinnslunnar og mun fylgja lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð myndefnis.
2. Gæta ber varúðar, nærgætni og siðgæðis við allar myndatökur, myndbandsupptökur og myndbirtingar af börnum og ungmennum í skóla- og frístundastarfi.
3. Aldrei skal sýna börn og ungmenni á ögrandi, niðrandi eða óviðeigandi hátt, t.d. þannig að þau séu nakin eða klæðalítil, vansæl eða í vandræðalegum aðstæðum.
4. Áður en einstaklingsmyndir eru teknar af nemendum skal leita samþykkis þeirra hverju sinni.
5. Í myndbirtingum skal þess gætt að jafnræði sé á milli kynja og að hlutfall stúlkna og drengja á myndum sé eins jafnt og kostur er.
6. Leggja skal áherslu á að birta hópmyn dir af börnum og ungmennum úr skóla- og frístundastarfinu sem endurspeglar margbreytileikann, frekar en myndir af einstaklingum.
7. Allt myndefni er varðveitt sem trúnaðarmál og skal ekki senda eða miðla til þriðja aðila án leyfis forsjáraðila.
8. Ef skólinn notar myndefni úr skólastarfinu þá skal ekki tilgreina nafn eða aðrar upplýsingar um þá sem birtast, nema þegar um sérstakar aðstæður er að ræða. Dæmi um slíkar aðstæður er þegar nemandi hlýtur viðurkenningu fyrir góðan árangur.
9. Myndir og myndbandsupptökur sem verða til í starfi skólans skal vista í gagnabanka skólans.
10. Grunnskólinn mun ekki nota myndefni af barni eftir að það lýkur skólagöngu sinni nema ef vera skyldi í sögulegu samhengi. Allt myndefni er varðveitt í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Samkvæmt lögunum er almenn varðveisluskylda skjala 30 ár áður en þeim er skilað á opinbert skjalasafn. Þó skulu skjöl og önnur gögn á rafrænu formi afhent að jafnaði þegar þau hafa náð fimm ára aldri.
11. Fjöldiðlar eiga það til að heimsækja skólann við hinu ýmsu tilefni og mynda nemendur í leik og starfi. Slíkar heimsóknir fjöldiðla skulu ávallt háðar leyfi skólastjórnenda. Ef viðburður er ekki opinber og til stendur að birta myndefni og viðtöl við einstaka nemendur í þágu fjöldunar eða fréttamennsku, mun skólinn leita sérstaklega eftir samþykki forsjáraðila.

Reglur þessar staðfestir skólastjóri með undirritun sinni.

Höfn í Hornafirði, 3. maí 2019



Pórgunnur Torfadóttir